

# Vinnuskóli Reykhólahrepps



Sumar 2020



# Vinnan:

## Tilkynningarskylda atvinnurekenda:

Atvinnurekandum barna ber skylda til að upplýsa forráðamenn barna í vinnuskóla um hin ýmsu atriði, þar má nefna vinnutaxta, öryggi á vinnustað, áhættumat og vinnutíma. Þessi bæklingur er upplýsingabæklingur til starfsmanna vinnuskólans og foreldra/forráðamanna þeirra. Notast verður við heitið starfsmenn vinnuskóla um þau börn og ungmenni starfa við vinnuskólann í þessum bæklingi.

## Vinnutíminn:

Vinnutími er 5 klukkustundir á dag og teljast sérstakir frídagar ekki til vinnutíma.

Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:30-13:30, miðað er við hálf tíma pásu í kringum matarhlé.

Veikindaforföll teljast til vinnutíma og þarf að tilkynna þau í upphafi dags.

Samkvæmt reglum um vinnutíma barna og unglinga mega 13-14 ára vinna allt að 7 tímum á dag, eða 35 tímum á viku og 15 ára og eldri 8 tíma á dag, allt að 40 tímum á viku. Skal vinnutími vera samfelldur ef kostur er. Ef unglingur vinnur fyrir fleiri en einn atvinnurekanda skal leggja vinnutímann saman (Reglugerð um vinnu barna og unglinga, 16. og 17. gr).

Starfsmenn vinnuskólans fá úthlutað 150 klukkustundum í vinnu sem dreifist yfir sumarið skv. vaktarplani hvers og eins.

## Laun:

Laun starfsmanna vinnuskólans hækka eftir launataflan eftirfarandi:

13 ára, fædd 2006: 600.- kr.klst.

14 ára, fædd 2005: 695.- kr.klst.

15 ára, fædd 2004: 795.- kr.klst.

16 ára, fædd 2003: 985.- kr.klst.



aldri og er

Árlegt launað lágmarksorlof skv. lögum skal teljast til vinnutíma.

# Starfsfólk:

## Jóhanna Ösp Einarsdóttir

Tómstundafulltrúi sér um ráðningar í vinnuskóla og sér um utanumhald og stefnumótun. Tómsundafulltrúi ber ábyrgð á því að ráða flokksstjóra vinnuskóla og leiðbeinir flokksstjóra í vinnu. Vinnur í samstarfi við áhaldahús varðandi verkefnastöðu. Ef upp koma agavandamál eða brot á reglum vinnuskólans tekur tómsundafulltrúi á þeim vanda ásamt flokksstjóra.

## Embla Dögg Bachmann J.

Flokksstjóri vinnuskólans sumarið 2020 er Embla Dögg Bachmann, hún er 22 ára og stefnir á að útskrifast af stuðningsfulltrúabraut í desember.

Flokksstjóri vinnuskólans starfar undir stjórn tómsundafulltrúa og er í samstarfi við verkefnastjóra áhaldahúss. Hann sér um yfirumsjón og skipulag verkefna. Hann leiðbeinir starfsmönnum vinnuskólans um vinnu- og verklag. Flokksstjóri reynir að skapa góðan anda innan hópsins og leiðbeinir þeim með jákvæðum samskiptum.

## Áhaldahúsið:

Áhaldahúsið kemur að skipulagningu vinnuskólans. Bæði í sérstökum verkefnum og í samvinnu. Hjá áhaldahúsinu starfa Gummi og Eiríkur. Verkefni vinnuskólans eru skipulögð í samstarfi við verkefnastöðu áhaldahúss og hvað liggur fyrir. Áhaldahús kemur upplýsingum til skila til flokksstjóra eða tómsundafulltrúa. Einnig hefur áhaldahúsið fengið starfsmenn vinnuskólans með sér í afmörkuð verkefni.

# Áhættumat:

Sveitarfélögum er skylt að gera áhættumat áður en vinnuskóli hefst ár. Tryggja þarf að vinnan ógni ekki andlegum og líkamlegum þroska þátttakenda vinnuskólans. Einnig þarf að tryggja að vinnuskilyrði séu uppbyggileg.



## Fyrirbyggjandi aðgerðir:

- Starfsfólk vinnuskóla skal sækja fyrstuhjálpar námskeið.
- Viðunandi hlífðarbúnaður við slátt með sláttuorf og sláttuvélar.
- Útlista skal hvaða störf, hvaða aldur má vinna.
- Aðgangur barnanna að áhaldahúsinu skal vera lítil, ekki er æskilegt að þau nýti önnur rými en rými vinnuskólans.
- Öll efni í áhaldahúsinu yfirfarin, þau efni sem geta valdið skaða fjarlægð.
- Mikilvægt er að fara vel yfir notkun véla og áhalda í upphafi vinnuskóla og veita þátttakendum viðunandi fræðslu.
- Vélar og tæki skulu uppfylla öryggisstaðla.
- Hillur í aðstöðu vinnuskóla skulu festar við vegg.
- Vinnan skal fara fram undir viðeigandi eftirliti af einstaklingi sem er orðinn 18 ára.
- Lögum samkvæmt eiga börn yngri en 15 ára að vera með reiðhjólshjálms séu þau á reiðhjólum, óskað er eftir að þau fylgi eftir þessari reglu til og frá vinnu og einnig mega þau ekki vera á búnaði sem þau hafa ekki aldur til að nota ss. fjórhjól, mótorhjól eða annan sambærilegan búnað.
- Launþegar vinnuskólans eru tryggðir með almennri slysaftryggingu á meðan vinnu stendur.

## Hvað ef slys ber að garði:

- Veita fyrstuhjálpar ef þarf.
- Meta hvort þurfi að leita til læknis.
- Ef leita þarf læknis skal strax í kjölfarið hafa samband við foreldra.
- Ef ekki þarf að leita læknis skal meta hvort þátttakandi geti klárað daginn eða þurfi að fara heim. Ef þátttakandi og flokksstjóri meta svo að hann þurfi að fara heim skal hafa samband við foreldra.
- Fylla skal út slysaskýrslu, eyðublað á hreppsskrifstofu.



# Öryggi á vinnustað:

Til að auka öryggi fá þátttakendur viðeigandi búnað hjá sveitarfélaginu. Einnig er þess gætt að vélar og tæki uppfylli kröfur um öryggi. Þess er gætt að allir fái störf við hæfi og notast er við viðmið úr reglugerð um vinnu barna og unglunga við útlístun á verkefnum miðað við aldur.

## Útbúnaður:

- Sýnileikavesti.
- Vinnuhanskar, sveitarfélagið útvegar þátttakendum eitt par af vinnuhönskum. Glatist þeir þarf þátttakandi að koma með eigin hanska.
- Viðeigandi hlífðarbúnaður fyrir þá sem slá á sláttuorfi eða sláttuvél. Stígvél með stáltá, öryggisgleraugu og heyrnahlífar. Sé hlífðarbúnaður ekki notaður við þessa vinnu missir starfsmaður vinnuskólans réttindi sín til að nota þessi tæki.

## Hvernig er vinnu háttað:

### 13-14 ára, störf af léttara tagi:

- Létt garðyrkjustörf án véla.
- Hreinsa, sópa, raka og tína rusl.
- Málningarvinna.
- Fegrun umhverfis.
- Létt störf á leikjanámskeiðum fyrir yngri börn.
- Mega ekki starfa nálægt þeim sem vinna með sláttuvélar og orf.
- Þrif og afgreiðslustörf.



15 ára, ásamt störfum sem talin eru upp hér að ofan.

- Sláttur með sláttuorfi (þó ekki við veg). Notast þarf við viðeigandi hlífðarbúnað.
- Sláttur með garðsláttuvél (þó ekki við veg). Sláttuvél þarf að stöðvast sé handfangi sleppt. Notast þarf við viðeigandi hlífðarbúnað.
- Störf með áhaldahúsi.

16 ára. ásamt störfum sem talin eru upp hér að ofan:

- Sláttur með sláttutraktor, sláttutraktor má ekki vera með drifskafi og vél þarf að stöðvast yfirgefi slátturmaður sætið.
- Sláttur með öðrum tækjum meðfram vegi.

# Reglur vinnuskólans:

- Mæta skal stundvíslega og skila fullum vinnudegi.
- Foreldrar geri flokksstjóra/tómstundafulltrúa grein fyrir veikindum og leggi fram vottorð sé þess krafist. Tekið er tillit til ofnæmis og annarra kvilla ef framvísað er vottorði.
- Foreldrar biðja flokksstjóra/tómstundafulltrúa um frí sé þess þörf.
- Vinnuskólinn er tóbaks- og vímuefnalaus vinnustaður, á leið í og úr vinnu, á vinnusvæði og í matarhléum.
- Fara skal vel með verkfæri og önnur áhöld sem starfsmenn vinnuskólans meðhöndla við vinnu.
- Starfsmönnum vinnuskólans ber að virða þau verkefni sem þeim eru falin og sýna flokksstjóra, samstarfsfólki og öðrum íbúum svæðisins virðingu og vinsemd í hvívetna.
- Starfsmenn vinnuskólans leggja sjálfir til vinnufatnað og allan hlífðarfatnað. Eyrnahlífar, hlífðargleraugu, stáltá og vinnuvettlingar eru lagðir til af vinnuveitenda.
- Laun eru greidd um mánaðamót inn á launareikning starfsmanns. Launatímabil sveitarfélagsins er frá 23.-22. hvers mánaðar.
- Óheimilt er að nota gsm-síma á vinnutíma.
- Sé unnið við slátt skal starfsmaður nota viðeigandi hlífðarbúnað. Fari starfsmaður ekki eftir þessum reglum eru fundin önnur verkefni fyrir starfsmann.
- Brjóti nemandi vísvitandi reglur vinnuskólans getur flokksstjóri vísað starfsmanni úr vinnu tímabundið.
  1. brot – tiltal, áminning.
  2. brot – brottvísun einn dag, samtal við foreldra/forráðamenn.
  3. brot – brottvísun úr vinnuskólanum.



*Vinsemd og virðing eru höfð að leiðarljósi í vinnuskólanum.*

# Vinnustaðaval:

*Breyting verður á fyrirkomulagi vinnuskólans sumarið 2020. Í sumar geta þátttakendur nú valið vikur sem henta þeim frá 1. júní til 14. ágúst. Allir þátttakendur fá úthlutað 150 klukkustundum á tímabilinu sem má dreifa yfir allt sumarið ef óskað er eftir.*

*Fjölbreytni starfa hefur verið augin í sumar og geta umsækjendur valið á milli nokkurra starfsstöðva. Þó skal hafa í huga að meiri fjölbreytni er fyrir eldri þátttakendur vinnuskóla en þá yngri.*

## **1. Sumarstarf í sundlaug:**

Störf við afgreiðslu og þrif. Nemendur vinnuskóla læra um afgreiðslustörf, jákvætt viðmót í garð viðskiptavina og að halda umhverfinu snyrtilegu, hvort sem um ræðir andyrri, sundlaugarsvæði, afgreiðslu eða baðklefum. Nemendur vinnuskóla bera ekki ábyrgð á eftirliti með laug og eru alltaf með fullorðnum einstaklingi á vakt.

Allur aldur getur sótt um þetta starf. Þetta starf er starfrækt allt sumarið og fer vinnutími eftir vaktarplani en starfsmenn geta sent inn óskir hvaða vikur sumarsins henta.

## **2. Sumarstarf á Báta- og hlunnindasýningunni:**

Á Báta- og hlunnindasýningunni munu nemendur vinnuskóla hjálpa til við að kynna safnið og sögu Breiðafjarðar fyrir gestum. Þeir munu læra að gefa litlar skoðunarferðir um sýninguna, reka litla búð, baka eitthvað ljúffengt og öðlast færni sem tengist hönnun, markaðssetningu og varningi. Við munum gera Báta- og hlunnindasýninguna að flottum stað til að heimsækja og ýta undir að það sé skemmtilegur vinnustaður.

Meðal verkefna eru: 65% verkefna snúa að skipulagi og þrifum á safni. 25% snýr að samskiptum við íslenska og erlenda ferðamenn og að svara spurningum um safnið. 10% að skapa varning og markaðssetningu, bakstur. Jafnframt hafa starfsmenn svigrúm til að koma með eigin hugmyndir.

Miðað er við að umsækjendur hafi náð 14 ára aldri. Þetta starf er starfrækt allt sumarið og fer vinnutími eftir vaktarplani.

## **3. Sumarstarf á leikjanámskeiði:**

Störf við leik og skipulagningu á leikjum á leikjanámskeiði. Nemendur vinnuskóla þurfa að nálgast börn með jákvæðu viðmóti og taka þátt í þeim leikjum og verkefnum sem starfsmenn leikjanámskeiðsins skipuleggja, en jafnframt að vera tilbúnir til að skipuleggja verkefni sjálf. Nemendur starfa með starfsmönnum leikjanámskeiðsins og bera ekki ábyrgð á þátttakendum leikjanámskeiðsins.

Þátttakendur læra um hópeflisleiki, skipulag á hópastarfi og fá handleiðslu og stuðning í að skipuleggja starf sjálf. Allur aldur getur sótt um þetta starf. Þetta starf er bara í júní.

#### **4. Sumarstarf við slátt:**

Störf við slátt á opnum svæðum Reykhóla. Nemendur vinnuskóla sem náð hafa 15 ára aldri mega slá með sláttuorfi og ef nemendur hafa náð 16 ára aldri mega þeir slá á litla sláttutraktorum. Starfa náð með áhaldahúsi. Nemendur hljóta þjálfun á búnaði í upphafi sumars til að auka sjálfstæði í starfi og vinnubrögðum.

Miðað er við að umsækendur hafi náð 15 ára aldri. Þetta starf er starfrækt allt sumarið og fer vinnutími eftir vaktarplani.

#### **5. Sumarstarf við áhaldahús:**

Störf við áhaldahús snýr að almennri handlangara- og smíðavinnu, ss. uppsetning á inniveggjum, glerjun, viðgerð á gluggum og innréttingum, utanhúsklæðningar ofl. Nemendur vinnuskóla fá kennslu í almennum vinnubrögðum sem snúa að störfum áhaldahúss, þá sérstaklega þegar kemur að viðhaldi og endurbótum.

Miðað er við að umsækjendur hafi náð 15 ára aldri. Vinnutími: Starfsmenn vinna einn mánuð yfir sumarið með áhaldahúsi en vinnudagar eru frá 8-4 með klukkutíma í mat.

#### **6. Sumarstarf við gróðursetningu og fegrun umhverfis:**

Nemandi vinnuskóla vinnur undir handleiðslu flokksstjóra. Starfið snýr að fegrun umhverfis, gróðursetningu sumarblóma, að tína rusl, raka gras, fjarlægja illgresi og önnur störf sem flokksstjóri stýrir.

Allur aldur getur sótt um þetta starf. Þetta starf er starfrækt allt sumarið og fer vinnutími eftir vaktarplani.

#### **7. Sumarstörf á bóndabæjum:**

Hægt er að sækja um undanþágu um að vinnuskylda nemenda vinnuskóla fari fram á Reykhólum ef sérstakar aðstæður liggja fyrir, til dæmis ef um viðkvæma hópa vegna Covid-19 eða ef um langa vegalengd er að fara til að geta sinnt vinnu. Nemandi vinnuskóla þarf að vinna undir fullorðnum aðila sem sendir inn markmið vinnunnar og í hverju lærdómur starfsmanns er fólgin. Yfirmaður og þátttakandi eru í reglulegu sambandi við tómstundafulltrúa. Ef sótt er um þessa vinnutilhögun þarf að setja sig í samband við tómstundafulltrúa um leið og umsókn er skilað inn.

Á öllum starfsstöðvum þarf að skila skriflegu eða munnlegu mati til tómstundafulltrúa eftir hverja vinnuviku. Tómstundafulltrúi eða flokksstjóri munu hafa samband við yfirmenn og nemendur vinnuskóla eða foreldri/forráðamenn alla föstudaga. Þetta er gert til að sem best sé staðið að málum sem snúa að fyrstu skrefum barna og ungmenna á vinnumarkaðnum.

Í lok sumars fylla allir starfsmenn út matsblað vegna sumarvinnunnar sem haft verður til hliðsjónar í skipulagningu á vinnuskóla 2021.



# Tengiliðir:

Allar ábendingar berast til tómstundafulltrúa:

## **Tómstundafulltrúi:**

Jóhanna Ösp Einarsdóttir

S: 6982559

Netfang: [johanna@reykholar.is](mailto:johanna@reykholar.is)

## **Flokksstjóri:**

Embla Dögg Bachmann

S: 7729499

## **Áhaldahús:**

Eiríkur: 8685752

Gummi: 6906697